



SÝNING Guðbjargar Lindar er eins konar tegundaskrá yfir eyjar.

Um eyjar

MYNDLIST

Listasafn ASÍ /
Ásmundarsalur

MÁLVERK

GUÐBJÖRG LIND JÓNSDÓTTIR

Opíð 14–19 alla daga nema mánu-
daga. Sýningin stendur til
14. febrúar.

GUÐBJÖRG Lind tekur sér eyjar sem viðfangsefni á stórrí sýningu sem nú stendur í Listasafni ASÍ. Á sýningunni eru fleiri en tuttugu málverk sem öll eru af eyjum og mynda í raun eins konar tegundaskrá yfir eyjar – sýna fjölbreytta lögun þeirra og þær ólíku nafngiftir sem eyjum tengjast.

Í aðra röndina ber sýningin þannig meiri keim af nýlist en hefðbundnu málverki, þótt vissulega sé hér um málverk að ræða sem meira að segja eru vandlega unnin og af ágætri kunnáttu. Það eru fyrst og fremst efnistökin sem gera það að verkum að sýningin minnir frekar á framsetningu nýlistamanna, endurteknar myndir af eyjum af mismunandi lögun, aðgreindar og nafngreindar svo stundum getur áhorfandanum fundist sem hann hafi villst inn á náttúrugripasafn en sé ekki á málverkasýningu. Sýningin er því mun flóknari en virðist við fyrstu sýn og varðar ekki síður hugmyndir og hugmyndarýni en hin hefðbundnu viðfangsefni málverksins, liti, form og byggingu. Með því að vísa til orðræðu tegundagreiningarinnar vekur Guðbjörg Lind flóknar spurningar um eðli slíkrar orðræðu, samband upplifunar og veruleika, skáldskapar og vísinda. Sýning hennar er

afskaplega póstmódernísk, svo notað sé það umdeilda og því miður að mestu merkingarlausa orð.

Því hefur stundum verið fleygt upp á síðkastið að málralistin sé á undanhaldi, ekki vegna þess að önnur listform hafi tekið henni fram heldur af því að málralararnir sjálfir treysti ekki lengur málverkinu og trúu ekki lengur á tjáningarmögleika þess. Þannig finnst þeim ekki lengur nóg að mála heldur þurfi sífellt að bæta einhverju við málverkið til að styðja það eða styrkja: Þeir skrifa texta inn á verkin, hrúga upp hlutum í kringum þau eða finna upp aðra „fíðusa“ til að endurbæta og auka við þau. Líður í þessu sé þá að reyna að gera málverkið á einhvern hátt „nýlistarlegra“ til að fylgja tísku samtímans í stað þess að treysta á tjáningu og höfðun miðilsins sjálfs. Sýning Guðbjargar Lindar gæti virst vera viðleitni í þessa átt.

En er nokkur ástæða til að óttast það þótt málralarar leitist við að taka þátt í umræðu samtímans án þess að yfirgefa sinn hefðbundna miðil með öllu? Skáldið Baudelaire skrifaði á sínum tíma að listaverk ættu að vera nútímaleg, að taka mið af og skírskota til samtíðarinnar, og þau orð urðu samtímamönnum hans hvatning og áttu meðal annars þátt í að skerpa hugmyndir impressjónistanna og hrinda af stökunum móðernískri málralalist. Hví skyldu málralarar nú neita sér um að taka þátt í þeim vangaveltum sem hæst ber í samtíma sínum? Sýning Guðbjargar Lindar sannar að fyrir því er engin ástæða og það getur vel farið saman að búa til góð málverk og vera örlítið „póstmóðern“ í leiðinni.

Jón Proppé